

Lágmörk KÍ 2025 - drög

Framtíðarsýnin með þessu kerfi er að þau sem ná A lágmörkum hljóti stuðning frá KÍ til þess að taka þátt á því stigi. Þau sem ná B lágmörkum fá keppnisrétt á mótinu en standa sjálf alfarið straum af kostnaði vegna ferðarinnar. Lágmörkin gilda einungis um keppnisrétt mót á mótadagskrá KÍ. Landsliðsþjálfari getur veitt undanþágu til þess að sækja önnur mót með leyfi afreksnefndar.

Lágmörkum sem er náð í ákveðnum keppnisgreinum gilda einungis fyrir þá grein. S.s. lágmörk sem er náð í grjótlímu gilda einungis fyrir grjótlímumót. Það sama á við ef náð er lágmarki í línuklifri. Lágmark sem er náð í unglingsaflokki gildir líka sem lágmark fyrir opinn flokk.

Lágmörkin eru þannig sett upp að það eru A og B lágmörk á hverju keppnisstigi (s.s. NM, Evrópurstigi (ES) og heimstigi (HS)). S.s. ef einstaklingur nær A lágmarki á ES þá gildir það ekki sem A lágmark á HS. Hins vegar, ef einstaklingur hefur náð inn lágmarki á hærra stig en mótið sem leitast er eftir þáttöku á gildir það einnig á því stigi (t.d. ef náð er A lágmarki fyrir ES þá gildir það einnig sem A lágmark fyrir NM).

Lágmörk fyrir úrvalshópa KÍ og ÓL leið

Fullorðnir: Allir þeir sem hafa náð B lágmarki fyrir NM¹ eða lágmarki á hærra stigi.

U19: Topp 3 í aldursflokkum eða topp 8 í opnum flokki á ÍM.

U17: Topp 5 í U16 og topp 2 í U14 aldursflokkum eða topp 10 í opnum flokki á ÍM.

Vegna breytinga IFSC á aldursflokkum verða skoðaðar niðurstöður frá U16 2024 fyrir U17 2025 og U18 2024 fyrir U19 2025.

ÓL leið²

Efra stig: T12 á ES. Auk þess að hafa náð tilætluðum árangri er horft til markmiða og áhuga.

¹ Þegar ekkert tímabil er tiltekið er verið að vísa til niðurstöðu síðasta móts eða keppnistímabils.

² Það er enn verið að móta þennan hóp í samráði við ÍSÍ. Horft verður til þessa lágmarka til þess að taka inn í hópinn 2025 út frá niðurstöðum ársins 2024.

Lægra stig: T25 á ES. Auk þess að hafa náð tilætluðum árangri er horft til markmiða og áhuga.

Yfirþjálfarar klifurfélaga þurfa að senda lista á landsliðsþjálfara yfir iðkendur í sínu félagi sem náð hafa lágmörkum og vilja taka þátt í starfi úrvalshópa KÍ næstkomandi ár fyrir 1. desember ár hvert. Iðkendur sem hafa náð lágmörkum fyrir hópana og hafa áhuga á að starfa með úrvalshóp þurfa að hafa samband við yfirþjálfara síns félags og óska eftir skráningu.

Landsliðsþjálfari getur gefið einstaklingum undanþágu til þess að starfa með úrvalshópi með leyfi frá afreksnefnd. Það þarf að vera góður rökstuðningur fyrir undanþágunni.

Lágmörk fyrir landsliðsverkefni (fullorðnir)

NM

A lágmark: Topp 12 á NM.

B lágmark: Topp 3 á ÍM. Topp 16 (topp 12 ef 20 eða færri voru í flokknum, topp 10 ef 14 eða færri voru í flokknum) á NM. Topp 10 (T8 ef 12 eða færri, T6 ef 10 eða færri, T4 ef 8 eða færri þátttakendur) á norrænu bikarmótið eða sambærilegu móti (mat afreksnefndar).

Evrópustig

A lágmark: Topp 3 á NM eða topp 16 á Evrópustigi síðastliðin 2 ár.

B lágmark: Sigur á ÍM. Topp 8 á NM. Topp 25 á Evrópustigi.

Heimsstig

A lágmark: Topp 10 á ES eða topp 25 á HS síðastliðin 2 ár.

B lágmark: Topp 25 á ES eða topp 40 (topp 32 ef 48 eða færri voru í flokknum) á HS.

Ef enginn nær lágmarki fyrir HS þá fara þeir klifrarar sem hafa náð bestum árangri á ES á síðustu 12 mánuðum (eitt sæti kk og eitt sæti kvk) keppnisréttinn á mótinu.

Landsliðsþjálfari getur notað hin sætin fyrir afreksefni í hæfileikamótun eða veitt þeim

sem náðu næst bestum árangri þau sæti ef íþróttamennirnir í efstu tveimur sætunum eru mjög jafnir.

Lágmörk fyrir landsliðsverkefni unglíngalandsliðs

Lágmörk fyrir unglíngaflokka miðast við árangur í þeim flokkum (U15, U17, U19) nema sérstaklega sé tekið fram að miðað sé við opna flokkinn.

NM

A lágmark: Topp 8 á NM.

B lágmark: Topp 2 á ÍM eða topp 16 á NM eða topp 10 (T8 ef 12 eða færri, T6 ef 10 eða færri, T4 ef 8 eða færri þátttakendur) á norrænu bikarmótið eða sambærilegu móti (mat afreksnefndar).

Evrópustig

A lágmark: Topp 3 á NM eða topp 16 á Evrópustigi síðastliðin 2 ár.

B lágmark: Sigur á ÍM. Topp 12 á NM eða topp 25 á Evrópustigi. Topp 6 (T4 ef 10 eða færri, T3 ef 8 eða færri þátttakendur) á norrænu bikarmótið eða sambærilegu móti (mat afreksnefndar).

Heimsstig

A lágmark: Sigur á NM eða topp 10 á ES síðastliðin 2 ár.

B lágmark: Topp 2 á síðasta ÍM. Topp 16 á NM eða topp 25 á Evrópustigi.

Val í landsliðsverkefni

Forgangur 1: Þau sem hafa náð A lágmarkum. Ef fleiri hafa náð lágmarkum en þau sæti sem er í boði á mótinu fá þau sem náðu inn á móti frá herra stigi forgang (s.s. lágmark á HS hefur forgang ef hinn aðilinn hefur náð lágmarki á NM eða ES, ES A lágmark hefur forgang á ES B lágmark o.s.frv.). Ef þau ná inn lágmarki á sama stigi er herra sætið sem ræður hver er í forgangi.³ Ef það er jafnt er valið út frá niðurstöðum síðasta stórmóts innanlands (ÍM eða bikarmót) þar sem allir aðilar kepptu í sama flokki. Ef það mót er ekki til staðar má velja út frá niðurstöðu æfingamóts eða keppnishrings á æfingu sem er settur upp sérstaklega til þess að velja í verkefnið. Ef það er jafnt er valið af handahófi.

Forgangur 2: Landsliðsþjálfari getur valið úr hópi þeirra sem eru á ÓL leið í hæfileikamótun til þess að setja inn í hópinn.

Forgangur 3: Þau sem hafa náð B lágmarkum. Ef fleiri hafa náð lágmarkum en þau sæti sem er í boði á mótinu fá þau sem náðu inn á móti frá herra stigi forgang (s.s. lágmark á HS hefur forgang ef hinn aðilinn hefur náð lágmarki á NM eða ES, ES A lágmark hefur forgang á ES B lágmark o.s.frv.). Ef þau ná inn lágmarki á sama stigi er herra sætið sem ræður hver er í forgangi.⁴ Ef það er jafnt er valið út frá niðurstöðum síðasta stórmóts (t.d. ÍM, bikarmót, NM) þar sem allir aðilar kepptu í sama flokki. Ef það mót er ekki til staðar má velja út frá niðurstöðu æfingamóts (t.d. skemmtimót eða Young Guns) eða keppnishrings á æfingu sem er settur upp sérstaklega til þess að velja í verkefnið. Ef það er jafnt er valið að handahófi.

Forgangur 4: Landsliðsþjálfari getur gefið einstaklingum undanþágu til þess að keppa á NM/ES/HS ef talið er að einstaklingurinn eigi erindi á mótið út frá hæfni. Valið er út frá árangri á ÍM, þátttöku á erlendum mótum, langtímamarkmiðum einstaklinga og hvar þeir eru staddir í hæfileikamótun og þroska.

³ Ef einstaklingar náðu lágmarki í sitt hvorum aldursflokknum ári áður en keppa árið eftir í sama aldursflokki ræður ekki sæti heldur þarf að ákveða mót eða æfingaumferð sem er þá notað sem úrtökumót fyrir þessa aðila. Þetta á líka við ef margir fleiri einstaklingar sækjast eftir verkefninu en komast eru með lágmark á sama stigi en hafa náð þeim gegnum sitt hvort mótið og hafa ekki keppt á sama úrtökumóti undanfarna 12 mánuði. (Ef þeir hafa keppt saman á fleiri en einu úrtökumóti gildir það nýjasta). Allir einstaklingar sem þetta á við þurfa að vita af því með a.m.k. viku fyrirvara fyrir úrtökumótið að það sé notað til þess að velja í landsliðsverkefnið.

⁴ Sama og hér fyrir ofan.

Almennt um val í landsliðsverkefni

Íþróttafólk sem er valið í landsliðsverkefni þarf að vera fyrirmyndar afreksfólk og haga sér í samræmi við það (sjá Afreksstefnu KÍ). Afreksnefnd getur tekið ákvörðun um að hafna umsókn um landsliðsverkefni á þessum forsendum.

Þegar miðað er við gildistíma lágmarka (t.d. 1 ár) er miðað við að lágmarkið þarf að vera í gildi við lokadag skráningar sem KÍ gefur upp fyrir tiltekið mót.

Lágmörk sem unnin eru í ungmennaflokkum gilda einnig í fullorðinsflokki en þátttaka í flokki fullorðna er þá háð leyfi landsliðsþjálfara.

Ef einstaklingur sem hefur verið valinn forfallast má landsliðsþjálfari velja annan einstakling til þess að taka að sér verkefnið. Það er óháð skráningardegi fyrir verkefnið.

Yfirþjálfarar og formenn aðildarfélaganna KÍ geta lagt fram kæru vegna vals í landsliðsverkefnum til afreksnefndar KÍ og komið með tillögu að öðrum kandiðat. Afreksnefnd skal fá umsögn frá landsliðsþjálfara og ákveða hvort val landsliðsþjálfara er staðfest eða hvort hinn kandiðatinn fær verkefnið. Leggja þarf kærana fram a.m.k. 6 vikum fyrir landsliðsverkefnið. Miðast skal við að málið sé tekið fyrir og svarað skriflega á innan við 10 dögum.

Lágmörk eru endurskoðuð fyrir hvert ár.

Eldri lágmark: 2024

Þau lágmark sem náð var árið 2024 haldast þótt ný lágmark séu skilgreind fyrir næsta ár.

Lágmark fyrir landsliðsverkefni (fullorðnir)

NM

A lágmark: Topp 2 á síðasta ÍM. Topp 20% á NM eða topp 66% á ES/HS á einhverju móti á síðustu 2 árum.

B lágmark: Topp 4 á ÍM (topp 6 ef klifrari er á 20. eða 21. aldursári) á a.m.k. öðru mótinu síðustu tvö skipti sem það var haldið. Topp 50% á síðasta NM eða topp 80% á ES/HS síðustu 2 ár.

Evrópustig

A lágmark: Topp 10% eða lenda topp 5 á NM eða topp 33% á Evrópustigi síðastliðin 2 ár.

B lágmark: Topp 2 á síðasta ÍM. Topp 33% eða lenda í topp 12 (gildir aðeins ef fleiri en 24 keppendur keppa á mótinu) á NM á a.m.k. öðru mótinu síðustu tvö skipti sem það var haldið. Topp 66% á Evrópustigi síðastliðin 2 ár.

Heimsstig

A lágmark: Topp 20% á ES eða topp 33% á HS síðastliðin 2 ár.

B lágmark: Topp 50% á ES eða topp 66% á HS síðastliðin 2 ár.

HM: Ef enginn nær lágmarki fyrir HS þá fara þeir klifrarar sem hafa náð bestum árangri á ES á síðustu 12 mánuðum (eitt sæti kk og eitt sæti kvk). Landsliðsþjálfari getur notað hin sætin fyrir afreksefni í hæfileikamótun eða veitt þeim sem náðu næst bestum árangri þau sæti ef íþróttamennirnir í efstu tveimur sætunum eru mjög jafnir.

Lágmörk fyrir landsliðsverkefni unglíngalandsliðs

Lágmörk fyrir unglíngaflokka miðast við árangur í þeim flokkum (U14, U16, U18, U20) nema sérstaklega sé tekið fram að miðað sé við opna flokkinn.

NM

A lágmark: Topp 2 á síðasta ÍM eða topp 20% á síðasta NM. Topp 66% á ES/HS síðustu 2 ár.

B lágmark U16 og U18: Topp 6 á síðasta ÍM eða topp 50% á síðasta NM. Topp 80% á ES/HS síðustu 2 ár.

B lágmark U20: Topp 3 í aldursflokkum eða topp 10 í opnum flokkum á síðasta ÍM. Topp 50% á NM eða topp 80% á ES/HS síðastliðin 2 ár.

Evrópustig

A lágmark: Topp 10% eða lenda í topp 5 á NM á a.m.k. öðru móttinu síðustu tvö skipti sem það var haldið. Topp 33% á ES síðastliðin 2 ár.

B lágmark: Sigur á ÍM á a.m.k. öðru móttinu síðustu tvö skipti sem það var haldið. Topp 33% eða lenda í topp 12 (gildir aðeins ef fleiri en 24 keppendur keppa á móttinu) á NM síðustu 2 skipti sem það var haldið. Topp 66% á ES síðastliðin 2 ár.

Heimsstig

A lágmark: Topp 20% á ES eða topp 33% á HS síðastliðin 2 ár.

B lágmark: Topp 50% á ES eða topp 66% á HS síðastliðin 2 ár.